

MENNINGAR- og ÍPRÓTTARÁÐ

Ár 2026, föstudaginn 27. febrúar var haldinn 23. fundur menningar- og íþróttaráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Hofi og hófst kl. 09:09. Viðstödd voru: Skúli Helgason formaður, Kristinn Jón Ólafsson, Kjartan Magnússon, Sara Björg Sigurðardóttir og Stefán Pálsson. Jafnframt: Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Helga Margrét Marzellíusardóttir varamaður fyrir Friðjón R Friðjónsson tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti. Eftirtaldir embættismenn og starfsmenn sátu fundinn: Steinþór Einarsson, Atli Steinn Árnason, Helga Friðriksdóttir og Helga Björnsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á aðstöðumálum tónlistar í borginni. Jafnframt lagðar fram aðgerðartillögur spretthóps um aðstöðumál tónlistar í borginni. MIR26020004. Lögð fram málsferðartillaga um að vísa aðgerðartillögunum til meðferðar sviðsstjóra. Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsflokkarnir þakka spretthópi um aðstöðumál lifandi tónlistarflutnings í Borginni fyrir öfluga og góða vinnu við mótun tillagna um aðgerðir til úrbóta. Tillögurnar sýna vel fram á þær áskoranir sem tónleikastaðir standa frammi fyrir en aðgerðirnar eru skýrar og markvissar og lúta að því að Reykjavíkurborg viðurkenni tónleikastaði sem mikilvæga menningarinnviði; að úrbótasjóður tónleikastaða verði endurvakinn og að leyfisveitingaferli verður endurskoðuð og einfölduð. Ánægjulegt er að sjá að vinna spretthópsins og samráðsferlið við tónleikahaldara hefur þegar leitt til þess að Samtök smærri tónleikastaða hafa verið stofnuð. Tillögunum verður nú vísað til sviðsstjóra sem hafi umsjón með innleiðingarátætlun og nánari útfærslu tillagna í samvinnu við viðeigandi svið og stofnanir borgarinnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavík er ekki lengur tónlistarborg. Eftir kynningu á aðgerðartillögum spretthóps um aðstöðumál lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík er ljóst að enn eitt tónlistarvígið er við það að falla. Lifandi tónlistarflutningur hefur hingað til byggst nær alfarið á frumkvæði og ástríðu þeirra sem starfa í faginu en borgaryfirvöld hafa ekkert gert til að aðlagja regluverk að raunverulegum aðstæðum greinarinnar. Leyfisveitingar eru kostnaðarsamar og flóknar og núverandi kerfi einkennist fremur af tortryggni en stuðningi gagnvart starfsemi sem telst ein af grunnstoðum menningarlífs borgarinnar. Óskýr stefna um staðsetningu tónleikastaða hefur auk þess leitt til síendurtekinnna árekstra milli rekstraraðila, íbúa og stjórnvalda. Brýnt er að ráðist verði þegar í stað í heildstæða úttekt á regluverki og framkvæmd þess með það að markmiði að skapa raunhæf og sanngjörn starfsskilyrði fyrir lifandi tónlistarflutning í Reykjavík. Jafnframt er nauðsynlegt að stjórnvöld vinni breytingarnar í nánú samráði við tónlistarfólk og rekstraraðila tónleikastaða og taki mið af faglegri þekkingu þeirra við mótun lausna. Jafnframt er lagt til að kanna innleiðingu stuðningskerfa á borð við þau sem þekkjast í Danmörku og Noregi fyrir tónleikastaði, þar sem kveðið er á um virkt og samræmt samstarf ríkis og sveitarfélaga um rekstrarumhverfi lifandi tónlistar.

Ása Dýradóttir frá Tónlistarborginni og Geoffrey Þór Huntingdon-Williams formaður Samtaka smærri tónleikastaða taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 19. febrúar 2026 þar sem fram kemur að tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og

Vinstri grænna um nýtingu frístundastyrks fyrir stutt námskeið hafi verið samþykkt á fundi borgarstjórnar 17. febrúar 2026. Menningar- og íþróttaráði er falið að undirbúa tilraunaverkefni til að hægt sé að nýta frístundastyrkinn fyrir styttri námskeið. Jafnframt lagt fram erindisbréf um spretthóp menningar- og íþróttaráðs vegna málsins. MSS26020075
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Árlega eru á fjórða þúsund barna sem nýta ekki frístundastyrkinn sinn, börn sem koma frá tekjulágum heimilum, börn einstæðra foreldra, fötluð börn og börn af erlendum uppruna. Mikilvægt er að leita leiða til að tryggja að ekkert barn sitji eftir þegar kemur að skipulögðu íþrótt- og frístundarstarfi og þessi tillaga er eitt skref. Um er að ræða tilraunaverkefni sem felst í því að endurskoða reglur um frístundakortið þannig að hægt verði að nýta styrkinn í styttri námskeið í þeirri von að fleiri börn nýti styrkinn. Núverandi reglur gera ráð fyrir að námskeið þurfi að vera að lágmarki í 8 vikur til að vera gjaldgeng í tengslum við nýtingu frístundastyrksins og hefur afmörkun þeirrar tímalengdar m.a. tekið mið af sjónarmiðum um félagsleg áhrif. Spretthópnum verður falið að kortleggja stöðuna, ræða við hagaðila, meta áhrifin og koma með tillögur um breytingar á núverandi reglum á grundvelli tilraunaverkefnisins.

3. Fram fer umræða um Toppstöðina. MIR25090001.
4. Lögð fram auglýsing, ódags., varðandi tilraunaverkefni um ungbarnavænar sundlaugar í Breiðholtslaug í mars og könnun fyrir gesti í sundlaugum borgarinnar um upplifun sinni af þjónustu og aðstöðu fyrir börn og barnafjölskyldur, sbr. 4. lið fundargerðar menningar- og íþróttaráðs frá 26. september 2025 um samþykkt tillögu um spretthóp um ungbarnavænar sundlaugar. MIR25090007

Menningar- og íþróttaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar- og íþróttaráð fagnar tilraunaverkefninu í Breiðholtslaug þar sem hitastig innilaugar verður hækkað í 35°C á sunnudögum í mars, ungbarnaleikföng verði aðgengileg og áhersla lögð á rólegt og barnvænt umhverfi. Þetta er mikilvægt skref í átt að markmiðum um bætta þjónustu við ungbarnafjölskyldur í sundlaugum borgarinnar. Fyrstu niðurstöður spretthópsins sýndu að grunnþjónusta er almennt góð en tækifæri til úrbóta eru skýr. M.a. vatnshiti nær víða ekki ráðlögðum 34-36°C og afgirt svæði í búningsklefum er aðeins í einni laug. Menningar- og íþróttaráð hlakkar til að sjá niðurstöður könnunarinnar sem að greinir þarfir ungbarnafjölskyldna enn frekar og leggur áherslu á að mótuð verði framkvæmdaáætlun með skýrum tímaramma og forgangsöröðun í tengingu við fjárhagsáætlun. Með þjónustuhönnun og beinu samráði við foreldra byggjum við upp heilbrigðari lífsstílsvenjur frá unga aldri og styðjum við fjölskyldutengsl í öruggu umhverfi.

5. Lögð fram auglýsing, ódags., um opnunartíma sundstaða um páskana 2026. MIR24020058.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ákveðið hefur verið að allar sundlaugar Reykjavíkur verði opnar alla daga yfir páskahátíðina. Þetta felur í sér breytingu frá fyrra fyrirkomulagi, en áður hafa einstaka sundlaugar verið lokaðar á páskadag og annan í páskum. Markmið breytingarinnar er að tryggja bætta og samræmda þjónustu við gesti sundlauga yfir

hátíðardagana en mikil aukning í aðsókn leiddi til þessara breytinga og sú reynsla skilaði sér í 25% aukningu gesta frá 2023-2025. Sundlaugarnar í Reykjavík er samverustaður íbúa á öllum aldri og mikilvægt að skapa vettvang fyrir fjölskyldufólk og ferðamenn í páskafríinu.

6. Lagt fram bréf skrifstofustjóra menningarmála dags. 25. febrúar 2025 varðandi skipun fulltrúa í innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur. MIR2600021. Samþykkt.
7. Lögð fram aðgerðaráætlun sviðsins vegna stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030. MSS25110035 Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Stefna Reykjavíkurborgar um fjölmenningsborgina 2026-2030 felur í sér metnaðarfull markmið um inngildingu allra hópa. Íþróttafélög og menningarstofnanir borgarinnar hafa þar sérstaklega mikilvægu hlutverki að gegna. Aldraðir innflytjendur og flóttafólk er hópur sem verið hefur afskiptur þegar kemur að íþróttum og heilsuefningu. Sama gildir um ýmiss konar þátttöku innflytjenda í menningarstarfi, þar geta t.a.m. bókasöfn borgarinnar komið að með ýmsum hætti líkt og þau hafa gert svo vel. Fulltrúar samstarfsflokkanna lýsa ánægju með aðgerðaráætlun sviðsins í málaflokknum.

8. Lögð fram að nýju tillaga faghóps um styrkveitingar um styrki ráðsins á sviði menningarmála fyrir árið 2026 sem samþykkt var á fundi menningar- og íþróttaráðs 28. nóvember 2025. Í faghópnum sátu: Gunnar Andreas Kristinsson (formaður), Helga Guðrún Óskarsdóttir, Hanna Björk Valsdóttir og Jóna Hlíf Halldórsdóttir, tilnefnd af Bandalagi Íslenskra listamanna og Búi Bjartmar Aðalsteinsson, tilnefndur af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Trúnaður ríkti um tillöguna fram að úthlutun styrkjanna sem fram fór 11. febrúar 2026.

Samstarfssamningar 2026-2028

6.500.000	Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík- 24.9.-4.10.2026
4.500.000	Óperudagar 2026
3.500.000	List án landamæra
3.500.000	Samstarfssamningur milli Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík og Reykjavíkurborgar
3.000.000	Kammersveit Reykjavíkur - starfsemi árið 2026
2.000.000	UNGI Sviðslistahátíð -fyrir börn og með börnum
1.500.000	Dans Afríka Barakan Festival Iceland 2026

Samstarfssamningur 2026-2027

4.500.000	Sequences myndlistartvíæringur - samstarfssamningur til 3-5 ára
-----------	---

Listhópur Reykjavíkur 2026

2.500.000	Elja kammersveit 2026
-----------	-----------------------

Styrkir 2026

3.000.000	Gallery Hakk / Sýningarárið 2026
3.000.000	Starfsemi Caput-hópsins 2026
2.000.000	Open listamannarekið sýningarrými
2.000.000	Starf kammerhópsins Nordic Affect 6
1.500.000	Áburður: Sýningarröð Slökkvistöðvarinnar 2025-2026
1.500.000	Extreme Chill Festival 2026

1.500.000	Queer Situations - alþjóðleg bókmenntahátíð
1.500.000	Reykjavík Early Music Festival
1.500.000	Starfsemi Cantoque Ensemble 2026
1.200.000	JÚLÍ-26 Sumarvinnustofur Dansverkstæðisins
1.000.000	Albúm
1.000.000	Á milli - starfsþróunartækifæri fyrir upprennandi listamenn í hjarta Reykjavíkur
1.000.000	Bókumbók. Bókverka og sýningarrými
1.000.000	Brösótt ferðalag
1.000.000	DesignTalks 2026
1.000.000	FLEY - samsýning ungra hönnuða
1.000.000	Hallensteins Hús
1.000.000	Komum út í mínus Festival
1.000.000	KULDAKAST - Vetrarhátíð Verkvinnslnunnar
1.000.000	Latin American Film Festival Reykjavík 2026. 4th Edition.
1.000.000	List og áhrif Magnúsar Pálssonar
1.000.000	Reykjavík Folk Festival 2026
1.000.000	Sýningar og viðburðir í sýningarrými Fyrirbæri (2026)
1.000.000	Tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans í Hörpu
1.000.000	Ungmennadanshópurinn Forward
1.000.000	UngRIFF - allt árið
800.000	Arabískar nætur – menningarveisla í Reykjavík
800.000	Associate Gallery - sýningarár 2026
800.000	Gagnkynhneigð - Landsáttak
800.000	Garg bókabúð
800.000	Kítón X Snælda
800.000	Litrík Reykjavík 7
800.000	Physical Cinema Festival - Hreyfimyndahátíð Reykjavíkur
800.000	Píanókvartettinn Negla: Starfsárið 2026.
800.000	Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, æfingar og tónleikar 2026
800.000	Starf Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins 2026
800.000	Tímavilla
800.000	Tóma rýmið
800.000	Upptakturinn 15 ára
700.000	Barna- og fjölskyldudagskrá á Dansverkstæðinu
700.000	Kammertónleikar Camerartica 2026
700.000	S27
700.000	Starfsemi, rekstur og tónleikahald Lúðrasveitar verkalýðsins
700.000	Öskubuska eftir Rossini – á íslensku hjá Sviðslistahópnum Ösku
600.000	15:15 Tónleikasýrpan
600.000	Jazz í Djúpinu 2026
600.000	Kammermúsíklúbburinn 2026
600.000	Sveppafár (e.Mushroomania)
600.000	Tónleikar viðbra á Listahátíð í Reykjavík 2026
500.000	100 ára afmæli Karlaórs Reykjavíkur árið 2026
500.000	Einkasýning í Listasafni Reykjavíkur
500.000	Fjöltýngdar prinsessusögustundir á Borgarbókasafninu
500.000	Hæ / Hi 2026
500.000	Innblástur
500.000	Jóhannesarpassía J.S. Bach (1749)
500.000	Krakkakaffihúsið
500.000	Leikhús í Hannesarholti
500.000	Pabba Reif
500.000	Unaðsreiturinn
500.000	Vá!

500.000	Velkomin heim 8
500.000	Viltu sjá hvar ég á heima?
500.000	Vorvindar IBBY og Barnabóka barsvar
400.000	Icelandic nuances - útgáfutónleikar á Myrkum Músíkdögum.
400.000	Leirlistafélagið 45 ára / 45 Years of Ceramics
300.000	Coffee & Collage: Creative Collage Workshops at Gerðuberg Library
300.000	Katla kemur
300.000	Tónar við Tjörnina
200.000	Audio Walk in Reykjavík

Fundi slitið kl. 11:15.

Skúli Helgason

Kristinn Jón Ólafsson

Stefán Pálsson

Helga Margrét Marzellíusardóttir

Sara Björg Sigurðardóttir

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Kjartan Magnússon